



YFIRLIT ÁRSINS 2020

SJÓATVIK

YFIRLIT ÁRSINS 2020



SJÓATVIK

Hús FBSR Flugvallarvegi 7 - 101 Reykjavík
Sími: 511 6500 - Fax: 511-6501 - netfang: RNSA@RNSA.is

Icelandic Transportation Safety Board (ITSB)

www.rnsa.is

Þann 21. febrúar 2013 voru samþykkt lög nr. 18/2013 á Alþingi, um rannsókn samgönguslysa og tóku lögin gildi 1. júní sama ár.. Með lögnum voru Rannsóknarnefnd flugslysa, Rannsóknarnefnd sjóslysa og Rannsóknarnefnd umferðarslysa sameinuð í eina sjö manna rannsóknarnefnd samgönguslysa (RNSA) sem heyrir undir samgönguráðherra. . Auk sjö aðalmanna eru sex varamenn í nefndinni og tveir starfsmenn eru í fullu starfi hjá RNSA (sjóslys).

Markmið laganna er að fækka slysum og auka öryggi í samgöngum með því að efla og bæta slysarannsóknir. Rannsóknir samkvæmt lögnum skulu eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa, sbr. 1. gr. laganna.

Efnisyfirlit

NEFNDARMENN OG STARFSMENN	4
YFIRLIT ÁRSINS 2020.....	5
Skráð atvik 2010 - 2020	5
VETTVANGUR/SVÆÐI ATVIKA 2020	7
BANASLYS	7
SLYS Á FÓLKI	8
Aðgerð skips við slys á fólki	8
Tegund slysa á fólki	9
Meðalaldur slasaðra	9
Skráð slys á sjófarendum eftir svæðum	9
Stöðugildi slasaðra.....	10
SKIP – TEGUND ATVIKA	11
Skip sökkva	11
Skip stranda / taka niðri	11
Árekstur skipa / ásiglingar	11
Eldur um borð.....	11
Skip vélarvana.....	12
Leki	12
Tillögur í öryggisátt.....	13
Sérstakar ábendingar	13
Tilkynnt slys á sjómönnum til Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) 2020	15
AÐILAR SEM TILKYNNNA ATVIK TIL RNSA 2010 – 2020	16
Erlent starf 2020.....	17
The European Maritime Safety Agency (EMSA).....	17
PCF10 fundur EMSA.....	17
MAIIF – Alþjóðasamtök	17
EMAIF - Evrópusamtök	17
The European Marine Casualty Information Platform (EMCIP)	18
Skráning Íslands í EMCIP.....	18
SKRÁÐ ATVIK HJÁ RNSA ÁRIÐ 2020	19

NEFNDARMENN OG STARFSMENN

Rannsóknarnefnd samgönguslysa (RNSA) er skipuð af samgönguráðherra.

Nefndar- og varamenn hjá RNSA-sjóatvik voru á árinu 2020: Fv. Geirþrúður Alfreðsdóttir formaður, Ingi Tryggvason varaformaður, Hilmar Snorrason, Pálmi K. Jónsson og Hjörtur Emilsson.



Einnig var notuð þekking annarra starfs- og nefndarmanna innan raða RNSA varðandi ýmis sérfræðiálit við afgreiðslu mála á árinu.


Tveir starfsmenn voru í fullu starfi hjá RNSA sjóatvik á árinu, Jón A. Ingólfsson rannsóknarstjóri og Einar Ingi Einarsson rannsakandi.



RNSA Flugvallarvegi 7, 102 Reykjavík
Sími: 511 6500 - Fax: 511-6501 - Netfang: RNSA@RNSA.is
Vefsíða: RNSA.is

Eins og fram kemur í töflunni á mynd 1 þá fækkar skráðum atvikum hjá RNSA á milli áranna 2019-2020 um 12% og er um 31% undir meðaltali áranna 2010 – 2019. Flestir málaflokkar aðrir en skráð slys á fólki og skip sökkva eru undir meðaltali áranna á undan. Eins og fram kemur þá fækkar skráðum atvikum á „Skip dregin til hafnar“ verulega miðað við meðaltal áranna á undan. En eins fram kom í ársyfirliti fyrir 2019 merkir það ekki að um sé að ræða fækkun á þessum atvikum en breyttar áherslur eru nú hjá RNSA við að velja mál til rannsóknar. Betri skýringar á þessu eru á bls. 12 í skýrslunni.

Mynd 2 sýnir tölulegar breytingar á skráðum atvikum hjá RNSA milli ára 2019 – 2020.




Mynd 2 Breytingar á milli ára 2019 - 2020



VETTVANGUR/SVÆÐI ATVIKA 2020

Flest skráð atvik hjá RNSA eru á NV svæði eða 40, en það svæði nær frá frá Snæfellsnesi að Siglufirði og næst flest voru á SV svæði eða 23, sem er svæðið frá Dyrhólaey að Snæfellsnesi. Á kortinu (*Mynd 3*) sést hlutfallsleg skipting á milli svæða en á NA svæði voru 20 atvik skráð og á SA svæði voru þau 8.

Á erlendu hafsvæði voru tvö atvik skráð en í báðum tilvikum var um að ræða slys á fólki.




Mynd 3 Svæðaskipting skráðra atvika 2020

BANASLYS

Engin banaslys urðu á íslenskum sjómönnum við strendur landsins á árinu 2020 sem er sjöunda árið sem sú ánægjulega þróun á sér stað og fjórða árið í röð. Önnur ár þar sem engin banaslys urðu við landið eru 2008, 2011, 2014, 2017, 2018 og 2019.

SLYS Á FÓLKI


Skráð slys RNSA á fólki á árinu 2020 voru 58 atvik en voru 57 atvik á árinu 2019. Í eftirfarandi töflu (*Mynd 4*) má sjá grófa skiptingu á slysum á fólki eftir skipategundum en engin slys voru skráð hjá nefndinni á fiskibátum undir 20 brúttótonnum.



Mynd 4 Skráð slys á fólki eftir tegundum skipa

Aðgerð skips við slys á fólki


Á súluritinu (*Mynd 5*) hér að neðan sést við hvaða aðstæður skráð slys á fólki urðu.



Mynd 5 Aðgerðir skipa við slys á fólki

Tegund slysa á fólki

Samkvæmt grófri samantekt voru algengustu slysin að verða á milli og klemmast eða 17 talsins. Önnur algeng slys voru m.a. fallslys af ýmsum toga, slys við vindur ásamt ytri áverkum s.s. skurðum og stungum ýmiskonar. Á mynd 6 er gróf flokkun á þeim slysum sem skráð voru á árinu.




Mynd 6 Flokkun skráðra slysa á fólki

Meðalaldur slasaðra

Meðalaldur slasaðra á árinu var 43 ár og var sá sami á árinu 2019. Yngstu slösuðu á árinu 2020 voru tveir 20 ára hásetar á togveiðiskipum. Elsti slasaði var 66 ára matsveinn á dýpkunarskipi.

Skráð slys á sjófarendum eftir svæðum


Á mynd 7 er hlutfallsleg skipting skráðra slysa á sjófarendum en þau voru 14 á SV hluta landsins, 24 á NV hluta, 14 á NA hluta og fjórir á SA hlutanum. Tvö slys voru skráð á erlendu hafsvæði.



Mynd 7 Slyss á fólki eftir svæðum

Stöðugildi slasaðra

Eins og áður eru undirmenn á skipum í miklum meirihluta þeirra sem slasast í skráðum slysum á fólki eða 79%. Flest slysin eru á hásetum 62% (36), netamönnum 9% (5) og matsveinum 7% (4) eins og sjá má á mynd 8.



Mynd 8 Slyss á sjófarendum eftir stöðu þeirra um borð

SKIP – TEGUND ATVIKA

Á töflunni á mynd 9 má sjá skiptingu skráðra atvika á tegundir skipa. Undir liðnum „Annað“ eru t.d. reykur í vélarúmi, bilanir í búnaði, nærri því atvik o.s.frv.

	Ásigling	Bilun í búnaði	Eldur	Leki	Sekkur/hvolfir	Strand	Vélarvana	Annað
Dragnótarskip	1				1			
Dráttarbátur	1							
Farþegaskip						1	1	
Ferja							1	
Flutningaskip						1	1	
Grásleppuveiðiskip	1					1		
Handfæraskip			1	2	1	1	3	
Langleguskip					1			
Línuveiðiskip			1		1	2	5	
Netaveiðiskip					1	1	1	
Skemmtibátur	1							
Togveiðiskip					2	1	1	

Mynd 9 Skipting á skráðum atvikum eftir skipategundum

Skip sökva

Sjö skip sukku á árinu, fimm vegna snjóflóðs á Flateyri, eitt langleguskip í Hafnarfirði og eitt togveiðiskip við bryggju á Stöðvarfirði. Eitt skip sökk og pramma hvolfdi á árinu 2019.

Skip stranda / taka niðri

Átta atvik voru skráð þegar skip strönduðu eða tóku niðri en voru tólf árið 2019.

Árekstur skipa / ásiglingar

Fjórar ásiglingar voru skráðar á árinu en voru tvær á árinu 2019. Þrjár af þessum ásiglingum gerðust í höfn og ein á ytri höfninni í Reykjavík en þar varð slys á farþega á skemmtibát.

Eldur um borð

Tvö atvik eru skráð þar sem um eld um borð var að ræða og voru einnig tvö árið 2019. Í báðum tilvikum var um eld að ræða í vélarúmi, annað í handfærabát en hitt í línuveiðiskipi.

Skip vélarvana

Á árinu 2020 voru aðeins 13 atvik skráð til rannsóknar vegna vélarvana skipa en voru 18 árið 2019 og 54 árið 2018. Þetta merkir því miður ekki að um fækkun hafi verið að ræða því atvik af þessum toga voru 80 (*skip undir 15 metrum*) á árinu og 74 á árinu 2019. Þó ekki hafi verið talið tilefni til að rannsaka nema hluta þeirra að mati RNSA eru þessi atvik engu að síður alvarleg.

Á mynd 1 á bls. 5 má sjá þróun á þessum atvikum frá 2010 og eins og sjá má hafa þessi atvik aldrei verið fleiri en árið 2020 og 2019.

Þessi atvik hafa að stærstum hluta tengst minni fiskiskipum en eins og áður hefur komið fram gerði Samgöngustofa árið 2019 aðgengilegan á vef sínum „**GÁTLISTA FYRIR STRANDVEIÐAR**“ (*mynd 10*) Gátlistinn tekur fyrir búnað bátsins, fjarskipti, neyðar- og björgunarbúnað og önnur atriði sem mikilvægt er að skoða fyrir brottför.

RNSA hvetur sjófarendur til að tileinka sér þennan gátlista.

1 GÁTLISTI FYRIR STRANDVEIÐAR



Með góðu viðhaldi báts og búnaðar og reglulegri yfirferð á þeim atriðum sem eru á listanum hér fyrir neðan, er á auðveldan hátt hægt að auka öryggi sjófarenda og auka líkur á ánægjulegri sjóferð.

BÚNAÐUR BÁTSINS

- ☐ Athugið hvort gróður hafi myndast í tónkum en það getur orsakað stíflu í oliukerfum og slum (Gerst stundum eftir langt stopp).
- ☐ Hreinsið eldsneytisoliukerfi, oliugeyma, lagnir og síur sérstaklega vel eftir langa legu báts.
- ☐ Athugið hvort olumælur sýni rétt eldsneytismagn. Verið viss um að hægt sé að mæla/pæla (handvirk) magn eldsneytis ef mælir er bilaður.
- ☐ Athugið ástand rafgeyma. Ef vafi er á ástandi þeirra skuluð þið biðja skoðunarmann um að álagsprófa geymana.
- ☐ Athugið hvort lensdælur og lagnir frá þeim séu í lagi. Hvort síur séu hreinar og að það sé gott aðgengi að þeim. (Eskilegt er að hafa færanlega handdælu til taks.)
- ☐ Hafið til vara olu- og vatnssíur ásamt verkfærum til að skipta um þær.
- ☐ Hafið til vara reimar og verkfæri til að skipta um þær.
- ☐ Hafið varabirgðir af smurölu.
- ☐ Gætið þess að landfestar og dráttartög séu í góðu ásigkomulagi.
- ☐ Gætið þess að ankeri séu til taks, aðgengileg og tilbúin til notkunar.
- ☐ Verið viss um að stýri og neyðarstýri séu í lagi.
- ☐ Verið viss um að siglingaljófs séu í lagi.

FJARSKIPTI

- ☐ Tryggið að eili fjarskiptatæki séu í lagi. Verið viss um að loftnet fyrir talstöð AIS og síma séu í lagi.
- ☐ Athugið að AIS tækið sendi réttar upplýsingar um auðkenni báts og nafn. Gæta þarf þess að ef nafni og auðkenni báts hefur verið breytt að það sé uppfært í AIS.

Framhald á næstu síðu

Samgöngustofa Siglingaráð

2 GÁTLISTI FYRIR STRANDVEIÐAR

Framhald af síðu 1

NEYÐAR- OG BJÖRGUNARBÚNAÐUR

- ☐ Athugið að losunarbúnaður björgunarbáta sé í góðu lagi.
- ☐ Hafið björgunarbúninga og -vesti aðgengileg.
- ☐ Hafið handsökkvitæki aðgengileg og betra er að hafa þau fleiri en færri um borð.
- ☐ Passið að neyðarútgangar séu hindrunarlausir og greiðfærir.
- ☐ Athugið að neyðarstigi sé í lagi.
- ☐ Gætið þess að sjókrakassi sé yfirfarinn og í lagi.
- ☐ Athugið að neyðarblýs og flugeldar séu um borð. Gætið þess að þau séu ekki útrunnin og geymið þau á viðeigandi hátt.
- ☐ Athugið að neyðarsendar séu í lagi.
- ☐ Hafið vasaljós tiltæk, gerið athugasemdir á virkni þeirra og hafið aukarathöndur.
- ☐ Hafið aukafatnað – í vatnsheldum umbúðum.
- ☐ Hafið sjónauka um borð í bátnum.

FYRIR BROTTFÖR

- ☐ Áður en lagt er af stað skal farið vandlega yfir framangreind atriði.
- ☐ Athugið að lögskráning sé samkvæmt reglum, trygging sé gild fyrir áhöfn og að réttindi og öryggisþekking skipverja sé í lagi.
- ☐ Athugið veðurspá.
- ☐ Verið vel úthvild fyrir brottför.
- ☐ Verið þess fullviss að þekking á stjórnbúnaði báts og stöðugleika sé til staðar.
- ☐ Gangið úr skugga um að næg eldsneytisolia sé um borð í bátnum.
- ☐ Tryggið að allar sjóbúnaðar séu í lagi.
- ☐ Kveikið á AIS tæki fyrir brottför.
- ☐ Tilkynnið brottför til strandstöðvar á rás VHF 09.
- ☐ Munið að stilla talstöð á VHF 16 til að uppfylla skyldu um hlustvörslu. Hægt er að nota Dual Watch (DW) til þess.
- ☐ Klæðist „fleytibúnað“ við vinnu á þillari.
- ☐ Hafið uppfært skjort (í plasti/plastað) af svæðinu sem veiðar eru stundaðar á.

Samgöngustofa Siglingaráð

Mynd 10 Gátlisti fyrir strandveiðar.

Leki

Skráð atvik um leka um borð í skipum voru tvo á árinu og er það talsvert undir meðaltali árána 2010-2019 sem voru fimm á ári.

Tillögur í öryggisátt

Eins og fram hefur komið þá gerði nefndin níu tillögur í öryggisátt í tveimur málum á árinu og eru með málarnr. 18-202 S 141 og 19-090 S 059.

Tillögunar voru eftirfarandi:

- Skipstjóri skal undantekningarlaust fara vel yfir væntanlega siglingu og veðuraðstæður undir leiðsögn hafnsögumanns ásamt því að kynna sér vel undankomuleiðir.
- Skipstjóri skal, þrátt fyrir sameiginlega ákvörðun milli hans og hafnsögumanns, sjá til þess að yfirstjórn sé alveg skýr svo að komið sé í veg fyrir misskilning.
- Hafnsögumaður skal afla upplýsinga um viðkomandi skip (djúpristu, lengd, breidd og vindfang) ásamt ástandi þess, færni og takmörkunum.
- Hafnsögumaður skal skipuleggja siglingu og þátt hans í henni í samráði við skipstjóra og yfirmenn í brúnni með tilliti til veðuraðstæðna.
- Hafnsögumaður skal ekki taka yfir siglingu skips eða stjórnþæki nema viðeigandi upplýsingar liggi fyrir frá skipstjóra eða öðrum vakthafandi yfirmanni, t.d. um stöðu skips, gang og hraða.
- Hafnsögumaður skal, þrátt fyrir sameiginlega ákvörðun hans og skipstjóra eða annars vakthafandi yfirmanns, sjá til þess að yfirstjórn sé alveg skýr og á ótvíræðan hátt svo að komið sé í veg fyrir misskilning.
- Hafnsögumönnum verði skylt að sækja námskeið í mannauðsstjórnun (Bridge Resource Management) líkt og skipstjórum er skylt samkvæmt alþjóðasamþykktinni um menntun og þjálfun, skirteini og varðstöðu (STCW) sem Ísland er aðili að.
- Að við reglulega búnaðarskoðun verði skoðað sérstaklega hvort sjókort og siglingaforrit séu lögleg og leiðrétt.
- Að sett verði sérstök viðurlög ef slys og/eða önnur atvik sem rekja má til þess að sjókort og siglingaforrit séu ekki lögleg og leiðrétt.

Sérstakar ábendingar

Nefndin gerði nokkrar sérstakar almennar ábendingar í 19 málum sem afgreidd voru með eða án nefndarálits. Nokkrar ábendingar voru þær sömu og áttu við í sambærilegum málum.

Ábendingarnar voru eftirfarandi:

- *Varhugaverð sigling.* Nefndin hvetur skipstjórnendur að tryggja öryggi sem best með því að hafa samskipti um fyrirætlanir hvors annars.
- *Stjórnandi sofna og strandar.* Nefndin beinir því til skipstjórnarmanna að fara eftir lögum um mönnun og útivist. Þá hvetur nefndin stjórnendur til að nota allan þann viðvörunarbúnað sem getur komið í veg fyrir atvik sem þetta.
- *Slys á RIB bát.* RNSA gerði eftirfarandi tillögu í öryggisátt í ágúst 2017 og tengist málum nr. 03516 og 03616: „Í ljósi tíðra slysa um borð í RIB bátum, sem notaðir eru í atvinnuskyni, leggur nefndin til við Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneyti að settar verði reglur sem tryggi öryggi farþega. Í því sambandi verði m.a. athugað hvort fjaðrandi sæti geti verið einn liður í því.“ Í bréfi dags. 16. apríl 2018, taldi ráðuneytið ekki fært að setja sérstakar reglur varðandi sæti þar sem bátarnir væru CE-merktir. Hins vegar var ákveðið að útfærðar yrðu kröfur um að útgerðir RIB-báta framkvæmdu áhættumöt á mismunandi aðstæðum sem fæli í sér að við tiltekna aðstæður væri siglt hægar. Þessi sama ábending var einnig gerð í öðru sambærilegu máli.

- *Fallslys.* Nefndin bendir á mikilvægi þess að sjómenn geri áhættumat og tryggi vel vinnuaðstöðu sína áður en gengið er til verka.
- *Skurður.* Nefndin bendir sjómönnum á þessa mikilvægu forvörn að rúnna odda af nýjum netahnífum.
- *Vinnuumhverfi.* Nefndin telur að brugðist hafi verið rétt við með því að breyta fyrirkomulaginu til að auka öryggi.
- *Umhverfi.* Nefndin telur að frágangur á lúgutessum við bekkinn geti orsakað slys og hvetur útgerðaraðila til að endurskoða fyrirkomulag þeirra.
- Nefndin gerir alvarlegar athugasemdir við ranga lögskráningu.
- Nefndin ítrekar fyrri ábendingar um tilgang og gildi lögskráningar. Óskráður skipverji er ótryggður.
- *Mengun í höfn.* Nefndin beinir því til yfirvalda hvort ekki sé ástæða til að banna opinn vothreinsibúnað við strendur landsins eins og sum lönd og/eða hafnir hafa gert.
- *Stjórnandi sofnar og strandar.* Nefndin bendir á mikilvægi þess að stjórnendur báta séu ávallt vel hvíldir til að auka öryggi þeirra.
- *Vinnuumhverfi.* Nefndin vekur athygli á því að með áhættumati hefði hugsanlega mátt koma í veg fyrir slysið.
- *Strand.* Nefndin hvetur alla skipstjórnarmenn til að sjá til að ávallt séu um borð lögleg og leiðrétt sjókort yfir það svæði sem siglt er um til að tryggja öryggi skips og áhafnar.
- *Efnaslys.* Nefndin bendir á mikilvægi áhættumats og að það sé uppfært reglulega og sérstaklega ef óhöpp verða líkt og gert var í þessu tilfelli öðrum til eftirbreytni. Mikilvægt er að skipverjar fari eftir þeim reglum og verklagi sem áhættumat kveður á um.
- *Ásigling.* Nefndin leggur til að hafnaryfirvöld geri áhættumat fyrir stór skip með hættulega farma fyrir höfnina og mögulegar afleiðingar ef eitthvað fer úrskeiðis
- *Vinduslys.* Nefndin bendir á að óheimilt er að nota spilkoppa við meðhöndlun veiðafæra.




SJÁLFSTÆÐI - FAGMENNSKA - ÖRYGGI

Tilkynnt slys á sjómönnum til Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) 2020

Tilkynnt slys á sjómönnum til Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) 2019 voru samtals 153. Skráð slys á sjómönnum rannsökuð hjá RNSA á árinu voru 58 atvik eða um 38% þeirra sem tilkynnt voru til SÍ. Þetta er talsvert fyrir ofan meðaltal frá árinu 2000 sem er um 23%.


RNSA skoðaði öll þessi 158 slys og samkvæmt mati var ekki talið tilefni til frekari rannsóknar á flestum þeirra þ.e.a.s. 95 atvikum en þau voru skráð.

Á súluritinu á mynd 11 er fjöldi tilkynninga til SÍ og rannsóknir hjá RNSA á árunum 2010-2020.



Mynd 11 Tilkynnt slys á sjómönnum til Sjúkratrygginga Íslands


Af 153 tilkynningum til SÍ voru 53 slys sem gerðust á árinu 2019 og þ.a.l. 100 slys sem gerðust á árinu 2020. RNSA gerði grófa samantekt á tegundum þessara slysa eins og sjá má á mynd 12.



Mynd 12 Gróf flokkun á tegundum tilkynntra slysa til SÍ 2019

AÐILAR SEM TILKYNNNA ATVIK TIL RNSA 2010 – 2020

RNSA hefur á undanförnum árum flokkað hvaðan upplýsingar koma varðandi þau atvik sem skráð eru og tekin til umfjöllunar hjá nefndinni. Á súluritinu í mynd 13 sést hvernig þróunin hefur verið á árunum frá 2010.



Mynd 13 Upplýsingar um atvik

Á árinu 2020 voru um 33% tilkynninga til RNSA teknar úr gagnagrunni Sjúkratrygginga Íslands, um 25% frá Vaktstöð siglinga og Neyðarlínu, um 14% frá skipstjórum/útgerðum, um 12% frá lögregluembættum landsins, um 14% úr fjölmiðlum og 2% frá hinum slasaða.

RNSA hefur markvisst hvatt sjómenn og útgerðaraðila að virða skyldur sínar um tilkynningu atvika til nefndarinnar. Nefndin hefur bent á að þó atvik virðist í huga manna lítilfjörleg þá er skráning þeirra mikilvæg því tölulegar upplýsingar geta verið mjög gagnlegar í baráttunni við að auka öryggi á sjó.



Erlent starf 2020

The European Maritime Safety Agency (EMSA)

The European Maritime Safety Agency (EMSA) er sameiginleg Siglingastofnun Evrópu og því ein stofnana Evrópusambandsins (ESB). EMSA veitir tæknilega aðstoð og stuðning við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og aðildarríkja þess við þróun og framkvæmd ESB löggjafar um öryggi til sjós, mengun skipa og siglingavernd.

PCF10 fundur EMSA

Á þessu ári var árlegur fundur hjá EMSA, PCF10 (Permanent Cooperation Framework) haldinn með fjarfundarbúnaði vegna Covid-19 dagana 2. – 4. desember. PCF fundirnir hafa áður verið haldnir í júní hvert ár í höfuðstöðvum EMSA í Lissabon. *Markmiðið með PCF er að bjóða upp á rekstrarvettvang sem gerir rannsóknaraðilum aðildarríkjanna kleift að vinna saman eins og vísað er til í 10. gr. tilskipunar 2009/18/EB.*

MAIIF – Alþjóðasamtök

MAIIF eru alþjóðleg samtök sem voru stofnuð í Kanada 1992 og er megin tilgangur þeirra að skapa vettvang til að efla rannsóknir sjóslysa og koma á tengslum og efla samstarf milli rannsóknaraðila. Aðildarríki samtakanna eru 55 og ljóst að stofnun þeirra hefur sannað gildi sitt í samvinnu ríkja við rannsóknir sjóslysa. Vefslóð MAIIF er: www.maiif.org

Á þessu ári var haldinn fundur hjá samtökunum **MAIIF 29** (*Marine Accident Investigators International Forum*) með fjarfundarbúnaði 5. nóvember 2020. Á ráðstefnum hjá MAIIF er m.a. farið yfir og kynnt starf hvers aðildarríkis á liðnu ári auk þess sem tekin eru fyrir ýmis málefni sem varða rannsóknir á sjóslysum.



EMAIF - Evrópusamtök

EMAIF er Evrópudeild rannsóknaraðila á sjóslysum innan MAIIF og voru stofnuð í Helsinki 2005.

Ekki var haldinn fundur hjá EMAIF á árinu 2020 vegna Covid-19.




The European Marine Casualty Information Platform (EMCIP)

The European Marine Casualty Information Platform (EMCIP) er sameiginlegur gagnagrunnur Evrópuríkja um atvik á sjó og er rekinn af EMSA. Markmiðið með EMCIP er að skila ávinningi bæði á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi með því að:

- Auka öryggisrannsóknir.
- Breikka og dýpka greiningu á niðurstöðum rannsókna á slysum.
- Veita upplýsingar til almennrar áhættugreiningar og koma í veg fyrir slys.

Skráning Íslands í EMCIP

Samgöngustofa hefur skráð íslensk sjóatvik í EMCIP frá því í september 2018. Í lok ársins 2020 hafði verið skráð í EMCIP öll skráð sjóatvik hjá RNSA frá árinu 2009 eða samtals 1446 atvik (sjá mynd 14).



Mynd 14 Skráð atvik í gagnagrunn EMCIP 2020

Hægt er að skoða og fræðast meira um EMCIP á slóðinni: <http://www.emsa.europa.eu/emcip.html>

SKRÁÐ ATVIK HJÁ RNSA ÁRIÐ 2020

Eins og áður hefur komið fram voru skráð atvik hjá RNSA 93 árið 2020 en þar af gerðust níu þeirra á árinu 2019.

www.rnsa.is

Eftirfarandi tafla sýnir öll mál RNSA - sjóslys sem voru skráð á árinu 2019 og er þeim raðað eftir dagsetningu viðkomandi atviks. Um er að ræða grófa flokkun á atvikum því t.d. í þeim tilfellum þegar merkt er að skip sé vélarvana er það ekki aðeins vegna bilunar í vélbúnaði.

Dags.	Skip	Atvik	BT	Tegund skips
4.feb.19	Valpór GK 123	Vélarvana	54	Netaveiðiskip
11.jún.19	Málmey SK 1	Slys á fólki	1470	Ferskisktogari
30.sep.19	Blængur NK 125	Slys á fólki	1723	Frystitogari
3.okt.19	Sirry ÍS 36	Slys á fólki	698	Ferskisktogari
28.okt.19	Vigri RE 71	Slys á fólki	2157	Frystitogari
9.des.19	Jóhanna Gísladóttir GK 557	Slys á fólki	704	Línuveiðiskip
11.des.19	Sigurborg SH 12	Slys á fólki	486	Ferskisktogari
16.des.19	Örvar SH 777	Slys á fólki	688	Línuveiðiskip
17.des.19	Jón Kjartansson SU 111	Slys á fólki	2424	Nótaveiðiskip
4.jan.20	Júlíus Geirmundsson ÍS 270	Slys á fólki	1402	Frystitogari
6.jan.20	Hringur SH 153	Slys á fólki	481	Togveiðiskip
8.jan.20	Francisca	Slitnar upp og strandar	4015	Flutningaskip
10.jan.20	Hrafn GK 111	Tók niðri	601	Línuveiðiskip
10.jan.20	Bárður SH 81	Slys á fólki	153	Línuveiðiskip
13.jan.20	Helga María RE 1	Slys á fólki	1470	Ferskisktogari
14.jan.20	Blossi ÍS 225	Sekkur í höfn	11,78	Línuveiðiskip
14.jan.20	Brói KE 69	Sekkur í höfn	19,7	Netaveiðiskip
14.jan.20	Eiður ÍS 26	Sekkur í höfn	38	Dragnótaskip
14.jan.20	Guðjón Arnar ÍS 708	Sekkur í höfn	17	Togveiðiskip
14.jan.20	Orri ÍS 180	Slitnar upp og strandar	72	Netaveiðiskip
14.jan.20	Sjávarperlan ÍS 313	Sekkur í höfn	14,99	Handfærabátur
19.jan.20	Helga María RE 1	Slys á fólki	1470	Ferskisktogari
24.jan.20	Gullver NS 12	Slys á fólki	674	Ferskisktogari
24.jan.20	Júlíus Geirmundsson ÍS 270	Slys á fólki	1402	Frystitogari
3.feb.20	Helga María RE 1	Slys á fólki	1470	Togveiðiskip
5.feb.20	Breki VE 61	Slys á fólki	1222	Ferskisktogari
6.feb.20	Ópal ÞH	Strandar	70	Farþegaskip
7.feb.20	Höfrungur III AK 250	Slys á fólki	1521	Togveiðiskip
7.feb.20	Málmey SK 1	Slys á fólki	1470	Togveiðiskip
7.feb.20	Páll Jónsson GK 7	Slys á fólki	964	Línuveiðiskip
17.feb.20	Tóki ST 100	Vélarvana	5,96	Handfærabátur
1.mar.20	Selfoss	Slys á fólki	7464	Flutningaskip

Dags.	Skip	Atvik	BT	Tegund skips
3.mar.20	Vöttur / Börkur	Ásigling í höfn	96	Dráttarbátur
3.mar.20	Kristrún RE 177	Slys á fólki	765	Netaveiðiskip
6.mar.20	Maggý VE 108	Slys á fólki	113	Dragnótaskip
16.mar.20	Jón á Hofi ÁR 42	Slys á fólki	497	Togveiðiskip
17.mar.20	Kristrún RE 177	Slys á fólki	765	Netaveiðiskip
18.mar.20	Sveinbjörn Sveinsson	Slys á fólki	41	Björgunarskip
20.mar.20	Ottó N Þorláksson VE 5	Slys á fólki	878	Ferskfisktogari
28.mar.20	Björgvin EA 311	Slys á fólki	1142	Togveiðiskip
4.apr.20	Blængur NK 125	Slys á fólki	1723	Frystitogari
10.apr.20	Selfoss	Slys á fólki	7464	Flutningaskip
14.apr.20	Björgvin EA 311	Slys á fólki	1142	Togveiðiskip
18.apr.20	Steini HU 45	Strandar	5,72	Grásleppuveiðiskip
21.apr.20	Maró SK 33	Leki í vélarúmi	9,10	Handfærabátur
24.apr.20	Guðrún Þorkelsdóttir SU 211	Slys á fólki	1773	Nótaveiðiskip
28.apr.20	Otur II ÍS 173	Vélarvana	14,97	Línuveiðiskip
28.apr.20	Björgvin EA 311	Slys á fólki	1142	Togveiðiskip
3.maí.20	Sighvatur GK 57	Slys á fólki	718	Línuveiðiskip
5.maí.20	Blængur NK 125	Slys á fólki	1723	Togveiðiskip
17.maí.20	Þinganes SF 25	Slys á fólki	611	Togveiðiskip
21.maí.20	Landey SH 59	Slys á fólki	14,67	Línuveiðiskip
26.maí.20	Kristján HF 100	Vélarvana	30	Línuveiðiskip
26.maí.20	Þórsnes SH 109	Slys á fólki	880	Netaveiðiskip
30.maí.20	Höfrungur III AK 250	Slys á fólki	1521	Togveiðiskip
4.jún.20	Beitir NK 123	Slys á fólki	4138	Nótaveiðiskip
4.jún.20	Örfirisey RE 4	Slys á fólki	1845	Togveiðiskip
10.jún.20	Júlía SI 62	Eldur í vélarúmi	9,7	Handfærabátur
14.jún.20	Egill ÍS 77	Ásigling í höfn	64,51	Dragnótaskip
27.jún.20	Kap VE 4	Slys á fólki	1410	Togveiðiskip
29.jún.20	Baldur	Vélarvana	1677	Ferja
30.jún.20	Brynjólfur VE 3	Slys á fólki	531	Togveiðiskip
1.júl.20	Manni ÞH 88	Ásigling í höfn	7,22	Grásleppuveiðiskip
6.júl.20	Hesteyri	Vélarvana	11	Farþegaskip
12.júl.20	Drangavík VE 80	Slys á fólki	356	Togveiðiskip
26.júl.20	Finnbjörn ÍS 68	Slys á fólki	68	Dragnótaskip
28.júl.20	Þórunn Sveinsdóttir VE 401	Slys á fólki	779	Togveiðiskip
29.júl.20	Sigurörn GK 25	Leki um borð	5,4	Handfærabátur
29.júl.20	Sveini EA 173	Vélarvana	5,36	Handfærabátur
14.ágú.20	Páll Pálsson ÍS 102	Slys á fólki	1222	Togveiðiskip
17.ágú.20	Núpur BA 69	Vélarvana	238	Línuveiðiskip
17.ágú.20	Jökull SK 16	Sekkur í höfn	79	Langleguskip
17.ágú.20	Skemmtibátar	Ásigling - Slys á fólki		Skemmtibátur
18.ágú.20	Kap II VE 7	Slys á fólki	575	Netaveiðiskip
22.ágú.20	Drangey SK 2	Slys á fólki	2081	Togveiðiskip
24.ágú.20	Patrekur BA 64	Vélarvana	195	Línuveiðiskip

Dags.	Skip	Atvik	BT	Tegund skips
23.sep.20	Bárður SH 81	Slys á fólki	153	Dragnótaskip
29.sep.20	Drangur ÁR 307	Vélarvana	263	Togveiðiskip
30.sep.20	Kristrún RE 177	Slys á fólki	765	Netaveiðiskip
1.okt.20	Indriði Kristins BA 751	Eldur í vélarúmi	30	Línuveiðiskip
4.okt.20	Auður Vésteins SU 88	Strandar - leki	29,8	Línuveiðiskip
18.okt.20	Vestmannaey VE 54	Slys á fólki	611	Togveiðiskip
20.okt.20	Agla ÁR 79	Vélarvana	15	Handfærabátur
25.okt.20	Drangur ÁR 307	Sekkur í höfn	263	Togveiðiskip
28.okt.20	Dísa	Slys á fólki	623	Dýpkunarskip
2.nóv.20	Samskip Hoffell	Slys á fólki	4454	Flutningaskip
3.nóv.20	Sólberg ÓF 1	Slys á fólki	3919	Togveiðiskip
11.nóv.20	Þróstur BA 48	Strandar	4,57	Handfærabátur
15.nóv.20	Gísli Súrsson GK 8	Vélarvana	30	Línuveiðiskip
24.nóv.20	Zodiac	Maður fyrir borð		Vinnubátur
30.nóv.20	Sigurður VE 5	Slys á fólki	3707	Nótaveiðiskip
11.des.20	Jón á Hofi ÁR 42	Tók niðri	497	Togveiðiskip
27.des.20	Lagarfoss	Vélarvana	10106	Flutningaskip



Hús FBSR Flugvallarvegi 7 - 101 Reykjavík
Sími: 511 6500 - Fax: 511-6501 - netfang: RNSA@RNSA.is